



## Reglur um innritun í grunnskóla Sveitarfélagsins Árborgar

### 1. gr.

Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6-16 ára, er skylt að sækja grunnskóla. Skólaskyld börn sem eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Árborg og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur af barnaverndaryfirvöldum til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, eiga rétt á skólavist eftir því sem nánar segir til um í reglum þessum.

Í Sveitarfélaginu Árborg eru starfræktir þrjú grunnskólar, Vallaskóli, Sunnulækjarskóli og Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri. Hver grunnskóli tilheyrir ákveðnu upptökusvæði sem nánar er skilgreint í 2. gr. reglna þessara. Allir nemendur sem eiga lögheimili innan upptökusvæðis tiltekins grunnskóla eiga sjálfkrafa rétt á skólavist í viðkomandi skóla.

### 2. gr.

#### **Vallaskóli. Eftirtaldar götur, svæði og bæir tilheyra upptökusvæði Vallaskóla:**

Austurmýri, Austurvegur, Árbakki, Ártún, Árvegur, Bankavegur, Birkigrund, Birkivellir, Bæir innan Selfoss, Engjavegur, Eyravegur, Fagramýri, Fagurgerði, Fífumói, Fossheiði, Fosstún, Fossvegur, Furugrund, Grashagi, Grenigrund, Grænumörk, Grænuvellir, Heiðarvegur, Heiðmörk, Heimahagi, Hellubakki, Hjarðarholt, Hlaðvellir, Hrísholt, Hörðuvellir, Jaðar, Jórutún, Kirkjuvegur, Kjarrmói, Kringlumýri, Lambhagi, Langamýri, Laufhagi, Laxabakki, Lyngheiði, Lyngmói, Lækjarbakki, Mánavegur, Merkiland, Miðtún, Rauðholt, Reynivellir, Reyrhagi, Réttarholt, Seljavegur, Sigtún, Skólavellir, Sléttuvegur, Smáratún, Sóltún, Sólvellir, Starmói, Stekkholt, Sunnuvegur, Tjarnarmói, Tryggvagata, Tunguvegur, Urðarmói, Úthagi, Vallholt, Víðivellir, Þóristún, Þórsmörk.

Þá eiga börn sem fara í 9. bekk skólaárið 2009-2010 og 10. bekk skólaárið 2010-2011 og eiga lögheimili á bæjum í fyrrum Sandvíkurhreppi, þar með talin Tjarnabyggð, skólasókn í Vallaskóla.

#### **Sunnulækjarskóli. Eftirtaldar götur, svæði og bæir tilheyra upptökusvæði**

##### **Sunnulækjarskóla:**

Aðaltjörn, Akurhólar, Álfhólar, Álftarimi, Ástjörn, Bakkatjörn, Baugstjörn, Berghólar, Birkihólar, Dranghólar, Dverghólar, Dælengi, Erlurimi, Fífutjörn, Folaldahólar, Gauksrimi, Grafhólar, Grundartjörn, Háengi, Hellishólar, Hólatjörn, Hrafnhólar, Hraunhólar, Hrauntjörn, Kálfhólar, Kerhólar, Kjarrhólar, Lágengi, Lóurimi, Melhólar, Miðengi, Móhella, Nauthólar, Norðurbraut, Norðurgata, Norðurleið, Sandvíkurhreppur, Seftjörn, Sílatjörn, Spóarimi, Starengi, Stekkjarland, Suðurbraut, Suðurgata, Suðurengi, Tjaldhólar, Tröllhólar, Urðartjörn, Þrastarimi,

Þá eiga börn með lögheimili á bæjum í fyrrum Sandvíkurhreppi, þar með talin er Tjarnabyggð, skólasókn í Sunnulækjarskóla.

#### **Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri. Eftirtaldar götur, svæði og bæir tilheyra upptökusvæði Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri:**

Álfstétt, Bakarísstígur, Búðarstígur, Dvergasteinar; Eyrargata, Háeyrarvegur, Háeyrarvellir, Hjalladæl, Hjallavegur, Hulduhóll, Merkisteinsvellir, Mundakot, Nesbrú, Ólafsvellir, Sólvellir Eyrabakka, Túngata, Þykkvaflöt, Blómsturvellir, Bæir við Stokkseyri, Eyjasel, Eyrarbraut, Hafnargata, Hásteinsvegur, Heiðarbrún, Íragerði, Sandgerði, Stjörnusteinar, Stokkseyri, stök hús, Strandgata, Tjarnarstígur og bæir í fyrrum Eyrabakka- og Stokkseyrarhreppi.

### 3. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá 2. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr. reglan þessara sem hér segir:

- a) Heimilt er að veita nemanda skólavist í grunnskóla utan þess upptökusvæðis sem hann á lögheimili í. Umsókn, á þar til gerðu umsóknareyðublaði, skal beint til verkefnisstjóra fræðslumála, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, sem afgreiðir umsóknir í samræmi við reglur þessar.
- b) Ef nemandi flytur lögheimili milli upptökusvæða er ekki gerð krafa um að hann flytji í annan skóla.
- c) Ef þannig háttar til sem í a og b lið greinir er heimilt að veita yngri systkinum skólavist í sama skóla. Umsókn, á þar til gerðu umsóknareyðublaði, skal beint til verkefnisstjóra fræðslumála, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, sem afgreiðir umsóknir í samræmi við reglur þessar.

### 4. gr.

Verkefnisstjóri fræðslumála skal synja beiðni samkvæmt a og c lið 3. gr.:

- a) Þegar sýnt er að mati **verkefnisstjóra fræðslumála** að nægilegt húsrými er ekki til staðar fyrir fleiri nemendum en þá sem eiga sjálfkrafa skólavist skv. 2.mgr. 1. gr., sbr. 2. gr.
- b) Þegar sýnt er að mati **verkefnisstjóra fræðslumála** að flutningur nemenda á milli skóla leiði til fjölgunar hópa/bekkja í viðkomandi árgangi.

### 5. gr.

Reglur þessar skal endurskoða í febrúar ár hvert. Reglur þessar öðlast þegar gildi við staðfestingu bæjarráðs Árborgar.

Reglur þessar eru settar með vísan í 18. gr. grunnskólalaga, nr. 91/2008.

*Afgreitt í fræðslunefnd Árborgar 13. maí 2009*

*Afgreitt í bæjarráði Árborgar þann 20. maí 2009.*